Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn - og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:
www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

HeilsuKlasinn





Grafarvogsblaðið

Ritstjórn/Auglýsingar - Sími 698-2844



eignaumsjon.is

FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023 VR Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

**Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.**

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

**Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!**



EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800




# Við höfum öll þegið stórkostlega gjöf

## - eftir sr. Örnu Ýrr Sigurðardóttur



**sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir, prestur í Grafarvogssókn.**

Vissir þú að manneskjan sem þú varst fyrir 7 árum er að mestu horfin? Það er sáralítið eftir af þeirri manneskju, því að líkaminn okkar er stöðugt að endurnýja sig. Frumur deyja og aðrar verða til og koma í staðinn, og allt þetta gerist í stöðugri þróun, eiginlega án þess að við tökum eftir því. Þó kemur það stundum fyrir að við finnum fyrir vaxtarverkjum, við þekkjum það sennilega öll að hafa glímt við slíka verki í uppvextinum, því það getur verið sárt þegar beinin vaxa hratt, og jafnvel haldið fyrir okkur vöku.

Við sjáum þetta líka í kringum okkur, náttúran er í stöðugri endurnýjun. Og kannski á það ekki síst við hjá okkur hér á Íslandi, þar sem við getum hreinlega fylgst með hinni sístæðu sköpun Guðs, hraunið vellur upp úr iðrum jarðar og nýtt land verður til, og það er heldur ekki sársaukalaus þróun, umbrotin hafa áhrif á náttúruna, fólkið og það samfélag sem við tilheyrum. Og árstíðaskiptum fylgir stöðug þróun, það sem vex að vori deyr að hausti, og rís svo aftur upp með hækkandi geislum vorsólarinnar.

Þannig er öll sköpun Guðs í sífelldum vexti, en um leið takast á öfl uppbyggingar og niðurrifs, hið gamla hverfur og nýtt verður til.

Páll postuli skrifaði mörg sendibréf og eitt þeirra er til kristins safnaðar sem var staðsettur í borginni Kólossu í Litlu Asíu. Þetta var ungur söfnuður sem glímdi við þroskaferli trúarinnar, eins og við gerum öll á einhverjum tíma ævinnar. Hvað felur það í sér að vera kristin manneskja? Hverju eigum við að trúa og hvernig eigum við að lifa? Og alveg eins og í dag, var Litla Asía suðupottur mismunandi hugmynda um trú og lífsskoðanir, og samfélagið var fjölbreytt í meira lagi, þarna mættust ólíkir menningarheimar mið-austurlanda, Evrópu og norður Afríku, þarna bjó fólk af ólíkum kynþáttum og ættflokkum, og stéttskiptingin í samfélaginu var mikil. Þrælahald var leyft, staða kvenna og barna, ekkna og munaðarleysingja, var viðkvæm svo ekki sé meira sagt.

Fyrir Páli er Jesús Kristur alltaf hið miðlæga svar í trúarglímu og þroskaferli manneskjunnar. Jesús Kristur er allt og í öllum, í honum birtist Guð; og Jesús sjálfur, Kristur, birtist í hverri manneskju. Þess vegna segir Páll að við eigum að íklæðast nýjum manni „sem Guð er að skapa að nýju í sinni mynd"...

Þetta er svo fallegt táknmál. Að afklæðast, og íklæðast svo einhverju nýju. Þetta er einmitt táknmálið sem við notum í skírninni, hér áður fyrr voru börn skírð nakin og færð svo í kjólinn nýskírð og kjóllinn er hafður síður, því að sköpunin er ferli, allur vöxtur tekur tíma, og þess vegna eru einmitt fermingarbörnin í hvítum kirtli, við segjum að þau séu vaxin upp í skírnarkjólinn, og geta sjálf tekið ábyrgð á sinni trú frá þeim tíma.

Það er eðli okkar að vaxa og þroskast. Það gerist mikið til sjálfkrafa, við þurfum ekki að segja frumunum okkar að endurnýjast, en þroski okkar veltur að sjálfsögðu mikið á því hvaða ákvarðanir við tökum hverju sinni. Veljum við að lifa heilbrigðu lífi? Næra frumurnar okkar vel og styrkja beinin og vöðvana? Veljum við að næra sálina okkar og andann með því að vera í tengslum við Guð, veljum við að leyfa heilögum anda að búa í okkur og hafa áhrif á líf okkar og breytni? Veljum við að endurspegla Jesú Krist í lífi okkar og vera þannig manneskja í stöðugum vexti?

Í lestrum dagsins fáum við að heyra hvaða eiginleika við eigum að þroska með okkur. Við eigum að sýna auðmýkt, leggja af alls konar lesti, reiði, vonsku, illt umtal, lygar og því um líkt, og allt er þetta hegðun okkar sem einstaklinga. En Páll er líka sannfærður um að trúin hefur áhrif á allt okkar samfélag. Trúin er aldrei okkar einkamál. Því að alveg eins og allt í náttúrunni er samtengt, alveg eins og allar frumurnar okkar tengjast hver annarri og eru háðar hver annarri, þá erum við líka tengd hvert öðru sem manneskjur og háð hvert öðru.

Samfélagið okkar í dag er jafn fjölbreytt og lagskipt og samfélagið í Kólossu á fyrstu árum eftir Krist, þótt á annan hátt sé. Við skiptum fólki í flokka, forgangsröðum, jaðarsetjum, og sjáum gjarnan frekar það sem aðgreinir heldur en það sem sameinar. En alveg eins og Páll hvatti þennan unga söfnuð til að sjá Krist í hverri manneskju, þá er það líka okkar verkefni í dag. Orðin hans Páls: Þar er hvorki grískur maður né Gyðingur, umskorinn né óumskorinn,útlendingur, Skýti, þræll né frjáls maður, þar er Kristur allt og í öllum" myndu kannski hljóma einhvern veginn svona í dag: Í Kristi erum við öll eitt, óháð kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarbrögðum og uppruna.

Það er mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að þetta þýðir ekki að allur mismunur máist út, hverfi. Við hættum ekki að vera það sem aðgreinir okkur, alveg eins og við erum ennþá sama manneskjan og fyrir 7 árum, þó við séum það ekki. Við eigum ekki að verða litblind, stéttblind, eða blind á kyn fólks og láta eins og það skipti ekki máli. Því að einmitt vegna þess að við sjáum Krist í hverri manneskju, þurfum við líka að sjá misréttið, ranglætið og sársaukann sem hatur, fordómar og reiði valda í samfélaginu okkar. Það sem gerist þegar við missum dómgreindina vegna okkar eigin hroka og forréttindablindu. Allt þetta beinist gegn Kristi í hverri manneskju.

Og það sem aðgreinir okkur er líka það sem styrkir okkur. Það sem gerir okkur að þeirri sístæðu sköpun sem Guð vakir yfir. Ef allar frumurnar í líkamanum væru eins, væri líkaminn ekki starfhæfur.

Við erum nýbúin að velja okkur nýjan biskup. Sr. Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur í Grafarvogskirkju varð fyrir valinu og við í þessum söfnuði erum afskaplega stolt af okkar konu og henni fylgja blessunaróskir okkar allra inn á nýjan vettvang. En ég er ekki síður stolt af þeirri kirkju sem birtist í aðdraganda kosninganna. Þrír verðugir en ólíkir frambjóðendur lyftu upp kirkjunni og öllu því góða starfi sem er unnið í söfnuðum landsins. Í þessum kosningum birtist fjölbreytt, hugrökk og sterk kirkja sem á sess í hjörtum fólksins í landinu. Kirkja sem er meiri og stærri heldur en mengi þeirra ófullkmnu manneskja sem mynda hana, kirkja sem er í stöðugum vexti og þroska, alveg eins og allt sem Guði er annt um.

Við höfum öll þegið hina stórkostlegu gjöf sem lífið sjálft er. Og við höfum mörg þegið gjöf skírnarinnar, þar sem við vorum íklædd skírnarkjólnum og urðum nýjar manneskjur. Og í okkur öllum birtist Jesús Kristur, táknmynd elsku Guðs til okkar. Biðjum Guð á hverjum degi að gefa okkur það að sjá Krist í hverri manneskju, óháð því sem aðgreinir. Biðjum Guð á hverjum degi að gefa okkur dómgreind, auðmýkt og löngun til að vaxa og endurnýjast.

Dýrð sé Guði, höfundi lífsins.



**Grafarvogskirkja.**


MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



FMOS
Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Íslensku mennta-
verðlaunin 2023

# Innritun er hafin fyrir haustönn

**Félags- og hugvísindabraut**
**Náttúruvísindabraut**
**Opin stúdentsbraut**
**-hestakjörsvið**
**-íþrótta- og lýðheilsukjörsvið**
**Íslenskubraut**






Íslensku mennta-
verðlaunin 2023

# Innritun er hafin fyrir haustönn

**Félags- og hugvísindabraut**
**Náttúruvísindabraut**
**Opin stúdentsbraut**
**-hestakjörsvið**
**-íþrótta- og lýðheilsukjörsvið**
**Íslenskubraut**



**www.fmos.is**

# Gallerí Fló - Nytjavörur og kaffihús

hefur opnað að Gufunesvegi 17

Hádegis hlaðborð alla virka daga og Kaffitár kaffibar



www.facebook.com/GalleriFlo

www.instagram.com/GalleriFlo







## Átta frá Fjölni í lokahópi yngri landsliða í körfubolta!

Þjálfarar yngri landsliða hafa valið lokahópa fyrir komandi landsliðsverkefni sumarsins og er það sönn ánægja að tilkynna að átta leikmenn frá Fjölni hafa verið valdir í lokahópa U15 drengja og stúlkna og U20 karla og kvenna. U15 liðin keppa á alþjóðlegu móti í Finnlandi í ágúst, á meðan U20 liðin leika bæði á NM og FIBA EM mótum í sumar.

Hér má sjá fulltrúa Fjölnis sem eru í lokahópum landsliðanna í sumar. Við erum ákaflega stolt af iðkendunum okkar og óskum við þeim góðs gengis í komandi verkefnum fyrir landsliðin.

U15 drengja: Benóný Gunnar Óskarsson, Ísarr Logi Arnarsson.

U15 stúlkna: Aðalheiður María Davíðsdóttir, Elín Heiða Hermannsdóttir, Helga Björk Davíðsdóttir.

U20 karla: Daníel Ágúst Halldórsson.

U20 kvenna: Bergdís Anna Magnúsdóttir, Heiður Karlsdóttir.




Markvörðurinn Katie Sullivan er gengin til liðs við Fjölni og mun styrkja Fjölnisliðið í sumar.

## Katie Sullivan gengur til liðs við Fjölni

Fjölnir hefur samið við markvörðinn Katie Sullivan um að leika með Fjölni í 2. deild kvenna í knattspyrnu en samningurinn gildir út keppnistímabilið 2024. Katie kemur frá Chicago en hún spilaði í Florida Gulf Coast University.

Við erum gríðarlega spennt að fá hana en hún spilaði sinn fyrsta leik fyrir félagið í Mjólkurbikanum gegn ÍA og stóð sig frábærlega.

## Vormót í stökkfimi (yngri)

Vormót í stökkfimi yngri aldurflokka var haldið helgina 3-5. maí í Gerplu. Alls kepptu 21 lið frá tíu félögum í stökkfimi yngri. Fjölnir sendi þrjú stórglæsileg lið til keppni og endaði það þannig að Fjölnir 3 lenti í þriðja sæti á mótinu með 39.050 stig.

## Sumarnámskeið Fjölnis

Nú er sumarið á næsta leiti og skráningar á sumarnámskeið Fjölnis í fullum gangi. Öll ættu að geta fundið eitthvað fyrir sitt hæfi í ár en fyrir utan hin klassísku sumarnámskeið og fjölgreinanámskeið bjóðum við t.d. upp á skautabúðir, karatenámskeið og rafíþróttanámskeið. Við hvetjum öll til að kíkja á vefsíðuna okkar og finna sér námskeið fyrir sumarið!

## Heiður æfir með A-landsliði kvenna í sumar

Benedikt Guðmundsson landsliðsþjálfari kvennaliðsins í körfubolta og aðstoðarþjálfarar hans hafa boðað Heiði Karlsdóttur til æfinga með A-landsliði kvenna í sumar. Við óskum Heiði innilega til hamingju og óskum henni góðs gengis á æfingunum.




Heiður Karlsdóttir hefur verið kölluð á æfingar með landsliði Íslands í körfuknattleik.




## KÆRU GRAFARVOGSBÚAR

**Heilsugæslan Grafarvogi opnar aftur í Spönginni 27. maí.**

Vegna flutninga stöðvarinnar verður öll móttaka lokuð dagana 23. og 24. maí.
Hafið samband í síma 1700 eða netspjalli á heilsuvera.is ef erindið er brátt.
Fyrirspurnum og lyfjaendurnýjun verður svarað eins og venjulega.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur í nýju og glæsilegu húsnæði í Spönginni.

Starfsfólk Heilsugæslunnar Grafarvogi

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

# Gallerí Fló - Nytjavörur og kaffihús

**hefur opnað að Gufunesvegi 17**

**Hádegis hlaðborð alla virka daga og Kaffitár kaffibar**



www.facebook.com/GalleriFlo

www.instagram.com/GalleriFlo







## Átta frá Fjölni í lokahópi yngri landsliða í körfubolta!

Þjálfarar yngri landsliða hafa valið lokahópa fyrir komandi landsliðsverkefni sumarsins og er það sönn ánægja að tilkynna að átta leikmenn frá Fjölni hafa verið valdir í lokahópa U15 drengja og stúlkna og U20 karla og kvenna. U15 liðin keppa á alþjóðlegu móti í Finnlandi í ágúst, á meðan U20 liðin leika bæði á NM og FIBA EM mótum í sumar.

Hér má sjá fulltrúa Fjölnis sem eru í lokahópum landsliðanna í sumar. Við erum ákaflega stolt af iðkendunum okkar og óskum við þeim góðs gengis í komandi verkefnum fyrir landsliðin.

U15 drengja: Benóný Gunnar Óskarsson, Ísarr Logi Arnarsson.

U15 stúlkna: Aðalheiður María Davíðsdóttir, Elín Heiða Hermannsdóttir, Helga Björk Davíðsdóttir.

U20 karla: Daníel Ágúst Halldórsson.

U20 kvenna: Bergdís Anna Magnúsdóttir, Heiður Karlsdóttir.

## Katie Sullivan gengur til liðs við Fjölni

Fjölnir hefur samið við markvörðinn Katie Sullivan um að leika með Fjölni í 2. deild kvenna í knattspyrnu en samningurinn gildir út keppnistímabilið 2024. Katie kemur frá Chicago en hún spilaði í Florida Gulf Coast University.

Við erum gríðarlega spennt að fá hana en hún spilaði sinn fyrsta leik fyrir félagið í Mjólkurbikanum gegn ÍA og stóð sig frábærlega.



**Markvörðurinn Katie Sullivan er gengin til liðs við Fjölni og mun styrkja Fjölnisliðið í sumar.**

## Vormót í stökkfimi (yngri)

Vormót í stökkfimi yngri aldurflokka var haldið helgina 3-5. maí í Gerplu. Alls kepptu 21 lið frá tíu félögum í stökkfimi yngri. Fjölnir sendi þrjú stórglæsileg lið til keppni og endaði það þannig að Fjölnir 3 lenti í þriðja sæti á mótinu með 39.050 stig.

## Sumarnámskeið Fjölnis

Nú er sumarið á næsta leiti og skráningar á sumarnámskeið Fjölnis í fullum gangi. Öll ættu að geta fundið eitthvað fyrir sitt hæfi í ár en fyrir utan hin klassísku sumarnámskeið og fjölgreinanámskeið bjóðum við t.d. upp á skautabúðir, karatenámskeið og rafíþróttanámskeið. Við hvetjum öll til að kíkja á vefsíðuna okkar og finna sér námskeið fyrir sumarið!

## Heiður æfir með A-landsliði kvenna í sumar

Benedikt Guðmundsson landsliðsþjálfari kvennaliðsins í körfubolta og aðstoðarþjálfarar hans hafa boðað Heiði Karlsdóttur til æfinga með A-landsliði kvenna í sumar. Við óskum Heiði innilega til hamingju og óskum henni góðs gengis á æfingunum.



**Heiður Karlsdóttir hefur verið kölluð á æfingar með landsliði Íslands í körfuknattleik.**




## KÆRU GRAFARVOGSBÚAR

**Heilsugæslan Grafarvogi opnar aftur í Spönginni 27. maí.**

Vegna flutninga stöðvarinnar verður öll móttaka lokuð dagana 23. og 24. maí.
Hafið samband í síma 1700 eða netspjalli á heilsuvera.is ef erindið er brátt.
Fyrirspurnum og lyfjaendurnýjun verður svarað eins og venjulega.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur í nýju og glæsilegu húsnæði í Spönginni.

Starfsfólk Heilsugæslunnar Grafarvogi

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA


HÓP
EFLI
AFMÆLI
GÆSANIR / STEGGJANIR
KEILA
PÍLUKAST
KARAOKE
STARFSMANNA DJAMM
KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEÐUR
HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM OG SAMA STAÐNUM
Hvar er betra að þjappa hópnum saman en í góðu veðri innandyra hjá okkur þar sem allt er á einum stað.
HAPPY HOUR á barnum og RÚTA Í BÆINN alla föstudaga og laugardaga.
OPNUM FYRR Á FÖSTUDÖGUM
FÁÐU TILBOÐ FRÁ OKKUR FYRIR ÞINN HÓP Á KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS
s. 5 11 53 00
Keiluhöllin EGILSHÖLL
keiluhollin.is


HÓP
EFLI
AFMÆLI
GÆSANIR / STEGGJANIR
KEILA
PILUKAST
KARAOKE
STARFSMANNA
DJAMM
KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEÐUR
HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM OG SAMA STAÐNUM
Hvar er betra að þjappa hópnum saman en í góðu veðri innandyra hjá okkur þar sem allt er á einum stað.
HAPPY HOUR á barnum og RÚTA Í BÆINN alla föstudaga og laugardaga.
OPNUM FYRR Á FÖSTUDÖGUM
FÁÐU TILBOÐ FRÁ OKKUR FYRIR ÞINN HÓP Á
KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS
s. 5 11 53 00
Keiluhöllin
EGILSHÖLL
keiluhollin.is




Fjölnismenn fagna eftir að liðið komst upp í Olísdeildina ásamt stuðningsfólki. Það var mikið fjör í Fjölnishöllinni og árangurinn frábær.

# Fjölnir leikur í deild þeirra bestu

## - Fjölnir í Olísdeild karla í handbolta

Það var kátt í Höllinni fimmtudaginn 2. maí sl. þegar Fjölnir tryggði sér sæti í Olísdeild karla á næsta tímabili. Fjölnir sigraði Þór Akureyri í oddaleik liðanna 24-23 og vann þar með sinn þriðja sigur í umspilinu og tryggði sér því sæti í Olísdeildinni á næsta tímabili. Fjöldi fólks var mættur á áhorfendapallana í Fjölnishöllinni og var stemmingin frábær fram á síðustu sekúndu.

Þakið ætlaði að rifna af húsinu þegar ljóst var að Fjölnir hafði sigrað og fóru Akureyringarnir heim með sárt ennið.



Stuðningsfólk Fjölnis að átta sig á frábærum áfanga.



Áhorfendur voru vel með á nótunum í lokin.



Það var mikið stuð í troðfullri Fjölnishöllinni og ljóst að öll bestu handboltalið landsins keppa í Grafarvoginum á næsta keppnistímabili í Olísdeildinni.




Stórum áfanga náð hjá handboltaliði Fjölnis. Deild þeirra bestu bíður handan við hornið.




Fjölnismenn fagna eftir að liðið komst upp í Olísdeildina ásamt stuðningsfólki. Það var mikið fjör í Fjölnishöllinni og árangurinn frábær.

# Fjölnir leikur í deild þeirra bestu

## - Fjölnir í Olísdeild karla í handbolta

Það var kátt í Höllinni fimmtudaginn 2. maí sl. þegar Fjölnir tryggði sér sæti í Olísdeild karla á næsta tímabili. Fjölnir sigraði Þór Akureyri í oddaleik liðanna 24-23 og vann þar með sinn þriðja sigur í umspilinu og tryggði sér því sæti í Olísdeildinni á næsta tímabili. Fjöldi fólks var mættur á áhorfendapallana í Fjölnishöllinni og var stemmingin frábær fram á síðustu sekúndu.

Þakið ætlaði að rifna af húsinu þegar ljóst var að Fjölnir hafði sigrað og fóru Akureyringarnir heim með sárt ennið.



Það var mikið stuð í troðfullri Fjölnishöllinni og ljóst að öll bestu handboltalið landsins keppa í Grafarvoginum á næsta keppnistímabili í Olísdeildinni.



Stuðningsfólk Fjölnis að átta sig á frábærum áfanga.



Áhorfendur voru vel með á nótunum í lokin.




Stórum áfanga náð hjá handboltaliði Fjölnis. Deild þeirra bestu bíður handan við hornið.


Fjölnisstúlkurnar á þessari mynd kepptu í 3. þrepi.


Fjölnisstúlkurnar sem kepptu í 5. þrepi.

# Fjölnisstúlkurnar stóu sig frábærlega vel á Mínervumótinu

Hið árlega Mínervumót var haldið helgina 3.-5. maí. Mótið er boðsmót þar sem keppt var í 5.-3. þrepi.

Mínervumótið í ár var flott og skemmtilegt mót, með rúmlega 320 keppendur í fjórum keppnishlutum. Keppt var í 3.-5. þrepi íslenska fimleikastigans í stúlkna og drengjaflokkum, 3.-5. þrepi íslenska fimleikastigans og síðast en ekki síst landsreglum. Allir keppendur fengu gjafapoka með vörum frá Trópí, Músík & Sport og Skopp. Fjölnir sendi 24 keppendur á mótið og stóðu þeir sig allir með prýði og erum við virkilega stolt af þeim öllum.

Mótið er síðasta mót vetrarins hjá iðkendum okkar í áhaldafimleikum kvenna. Stóðu keppendur sig virkilega vel og voru félagi sínu til mikils sóma.


Þessar stúlkur í Fjölni kepptu í 4. þrepi.


Borgarholtsskóli

Opið fyrir umsóknir nemenda úr 10. bekk
umsóknarfrestur til 8. júní

**Bóknám til stúdentsprófs**
-Félags- og hugvísindabraut
-Náttúrufræðabraut
-Heilsu- og lífsstílsbraut
-Viðskipta- og frumkvöðlabraut

**Íþróttaakademía**

**Bíliðngreinar**
-Bifvélavirkjun
-Bifreiðasmíði
-Bílamálun

**Málmiðngreinar**
-Blikksmíði
-Rennismíði
-Stálsmíði
-Vélvirkjun
-Pípulagnir

**Listnám**
-Grafísk hönnun
-Kvikmyndagerð
-Leiklist

Allar upplýsingar á **borgo.is**



Fjölnisstúlkurnar á þessari mynd kepptu í 3. þrepi.



Fjölnisstúlkurnar sem kepptu í 5. þrepi.



Þessar stúlkur í Fjölni kepptu í 4. þrepi.

# Fjölnisstúlkurnar stóu sig frábærlega vel á Mínervumótinu

Hið árlega Mínervumót var haldið helgina 3.-5. maí. Mótið er boðsmót þar sem keppt var í 5.-3. þrepi.

Mínervumótið í ár var flott og skemmtilegt mót, með rúmlega 320 keppendur í fjórum keppnishlutum. Keppt var í 3.-5. þrepi íslenska fimleikastigans í stúlkna og drengjaflokkum, 3.-5. þrepi íslenska fimleikastigans og síðast en ekki síst landsreglum. Allir keppendur fengu gjafapoka með vörum frá Trópí, Músík & Sport og Skopp. Fjölnir sendi 24 keppendur á mótið og stóðu þeir sig allir með prýði og erum við virkilega stolt af þeim öllum.

Mótið er síðasta mót vetrarins hjá iðkendum okkar í áhaldafimleikum kvenna. Stóðu keppendur sig virkilega vel og voru félagi sínu til mikils sóma.




Borgarholtsskóli

Opið fyrir umsóknir nemenda úr 10. bekk
umsóknarfrestur til 8. júní

**Bóknám til stúdentsprófs**
- Félags- og hugvísindabraut
- Náttúrufræðabraut
- Heilsu- og lífsstílsbraut
- Viðskipta- og frumkvöðlabraut

**Íþróttaakademía**

**Bíliðngreinar**
- Bifvélavirkjun
- Bifreiðasmíði
- Bílamálun

**Málmiðngreinar**
- Blikksmíði
- Rennismíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun
- Pípulagnir

**Listnám**
- Grafísk hönnun
- Kvikmyndagerð
- Leiklist

Allar upplýsingar á **borgo.is**

# Verjum útivistar-svæðið í Grafarvogi

## - segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Flestir Grafarvogsbúar styðja sjónarmið umhverfisráðuneytisins um að friða skuli stærra svæði í Grafarvogi en meirihluti borgarstjórnar hefur lagt til. Þetta segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem situr jafnframt í Íbúaráði Grafarvogs.

Unnið hefur verið að tillögu um friðlýsingu Grafarvogs frá árinu 2021 í samvinnu Reykjavíkurborgar og umhverfisráðuneytisins. Kjartan segir að um sé að ræða eitt stærsta skipulagsmál í Grafarvogi í langan tíma og því mikilvægt að vel takist til. „Stærsta álitamálið er hversu stórt svæði skuli friðlýsa en um það eru ráðuneytið og Reykjavíkurborg ekki sammála. Fulltrúar borgarstjórnarmeirihlutans, þ.e. Framsóknarflokkur, Samfylking, Píratar og Viðreisn, vilja lágmarka það svæði, sem á að friðlýsa, og hafa samþykkt að það fylgi fjöruborðinu.“

### Fallegt útivistarsvæði

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra hefur hins vegar lagt til að mun stærra svæði verði friðlýst en meirihlutinn vill. Ráðherrann telur æskilegt að verndarsvæðið nái upp að göngustíg, sem liggur í kringum voginn og teygi sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg. Að austanverðu nái verndarsvæðið upp að Grafarlæk. Með stækkun svæðisins muni það ná yfir jökulmenjar og menningarminjar á svæðinu, sem eykur gildi þess í þágu fræðslu og útivistar.

Flestir Grafarvogsbúar, sem Kjartan hefur rætt við um málið, vilja frekar friða meira svæði en minna og miða við þau verndarmörk, sem umhverfisráðherra hefur lagt til. „Meirihluti borgarstjórnar keyrði tillögu um mun þrengri verndarmörk í gegnum borgarkerfið í desember sl. og felldi tillögu um að Íbúaráði og Íbúasamtökum Grafarvogs yrði gefinn kostur á að skila umsögn um málið. Mikilvægt er að Grafarvogsbúar fái að segja sína skoðun áður en mörkin verða endanlega ákveðin.“

### Skoðun íbúa mikilvæg

Kjartan telur mikilvægt að Íbúaráð Grafarvogs taki afstöðu til málsins og hefur lagt fram ályktunartillögu um það á vettvangi þess ásamt fulltrúum Íbúasamtaka Grafarvogs og foreldrafélaga í hverfinu. Í ályktuninni er stuðningi lýst yfir við áðurnefnda tillögu umhverfisráðherra um að friðlýsa stærra svæði í voginum en meirihluti borgarstjórnar vill. „Grafarvogsbúar þekkja voginn sinn og vita vel að hann er eitt fallegasta og verðmætasta útivistarsvæði borgarinnar. Meirihluti borgarstjórnar vill líklega hafa verndarmörkin sem þrengst til að skapa sem mest rými undir byggingarsvæði í Keldnalandi. Til að vernda útivistarsvæðið eru íbúar því almennt hlynntir því að hafa verndarmörkin víðari eins og umhverfisráðherra leggur til,“ segir Kjartan.

Umrædd ályktunartillaga verður væntanlega tekin til afgreiðslu á næsta fundi Íbúaráðs Grafarvogs, sem verður í byrjun júní. Kjartan segir að Grafarvogsbúar geti látið í ljós álit sitt á málinu með því að senda tölvupóst til íbúaráðsins.
Netfang þess er:
**ibuarad.grafarvogur@reykjavik.is**




**Vinnukort vegna friðlýsingar Grafarvogs. Gula línan sýnir þau friðlýsingarmörk, sem meirihluti borgarstjórnar vill miða við. Rauða línan sýnir tillögu umhverfisráðherra um friðlýsingarmörk.**



**Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.**

Grænir skátar

Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ

**Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar.**
**Við tökum vel á móti þér.**
**Grænir skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu.**
**Munið eftir nýja endurvinnsluappinu**




Opnunartíminn okkar er:
**Vikrir dagar kl. 9-18**
**Helgar kl. 12-16:30**

Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 . 110 Reykjavík

# Heilsu- og umhverfis-verslunin Mistur í efri byggðum

Í nóvember sl. opnaði á Stórhöfða 33, heilsu- og umhverfisverslunin Mistur. Þar var stórt skref stigið í sögu fyrirtækisins sem fagnaði nú á dögunum 10 ára starfsafmæli sínu. Með opnun verslunar á Stórhöfða hyggst Mistur koma til móts við og þjónusta þann sístækkandi hóp sem velur hreinni, heilsusamlegri og umhverfisvænni lífstíl.

Hjá Mistur færðu faglega þjónustu og ráðleggingar heilsusérfræðings sem starfað hefur í heilsugeiranum í yfir 15 ár, m.a. við val á vítamínum og bætiefnum og grunn og ilmkjarnaolíum svo eitthvað sé nefnt.

„Þeir sem kjósa að fækka umbúðum heima við og vilja fylla á þau ílát sem þeir eiga, ættu jafnframt að kynna sér sístækkandi úrvalið á áfyllingabar Misturs,“ segir Þórunn Björk Pálmadóttir eigandi Misturs, en hjá okkur færðu öll hreingerningarefni sem notuð eru á heimilum ásamt vörum til persónulegra nota.

Hjá Mistur starfa nú þrír starfsmenn og gaman er að geta þess að í takt við vöruúrval og stefnu fyrirtækisins eru allar innréttingar ýmist endurunnar eða endurnýttar. Við vöruval í verslun er horft til innihaldsefna, umbúðir vara og aðbúnað starfsfólks við framleiðslu og áhersla ávalt lögð á að velja umhverfisvænni valkosti eða leita annað ef vörur uppfylla ekki okkar skilyrði“ segir Þórunn, því við getum alltaf fundið vörur sem uppfylla okkar kröfur um að umhverfi og heilsa séu höfð að leiðarljósi hjá okkar birgjum.

„Verslunin er opin alla virka daga frá kl 11-17 og við tökum vel á móti öll-um þeim sem leggja leið sína til okkar hingað á Stórhöfða 33,“ segir Þórunn.



**Þórunn Björk Pálmadóttir, Lára Sæmundsdóttir og Linda Sveinbjörnsdótti í versluninni Mistur.**

# Verjum útivistarsvæðið í Grafarvogi

## - segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Flestir Grafarvogsbúar styðja sjónarmið umhverfisráðuneytisins um að friða skuli stærra svæði í Grafarvogi en meirihluti borgarstjórnar hefur lagt til. Þetta segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem situr jafnframt í Íbúaráði Grafarvogs.

Unnið hefur verið að tillögu um friðlýsingu Grafarvogs frá árinu 2021 í samvinnu Reykjavíkurborgar og umhverfisráðuneytisins. Kjartan segir að um sé að ræða eitt stærsta skipulagsmál í Grafarvogi í langan tíma og því mikilvægt að vel takist til. „Stærsta álitamálið er hversu stórt svæði skuli friðlýsa en um það eru ráðuneytið og Reykjavíkurborg ekki sammála. Fulltrúar borgarstjórnarmeirihlutans, þ.e. Framsóknarflokkur, Samfylking, Píratar og Viðreisn, vilja lágmarka það svæði, sem á að friðlýsa, og hafa samþykkt að það fylgi fjöruborðinu."

**Fallegt útivistarsvæði**

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra hefur hins vegar lagt til að mun stærra svæði verði friðlýst en meirihlutinn vill. Ráðherrann telur æskilegt að verndarsvæðið nái upp að göngustíg, sem liggur í kringum voginn og teygi sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg. Að austanverðu nái verndarsvæðið upp að Grafarlæk. Með stækkun svæðisins muni það ná yfir jökulmenjar og menningarminjar á svæðinu, sem eykur gildi þess í þágu fræðslu og útivistar.

Flestir Grafarvogsbúar, sem Kjartan hefur rætt við um málið, vilja frekar friða meira svæði en minna og miða við þau verndarmörk, sem umhverfisráðherra hefur lagt til. „Meirihluti borgarstjórnar keyrði tillögu um mun þrengri verndarmörk í gegnum borgarkerfið í desember sl. og felldi tillögu um að Íbúaráði og Íbúasamtökum Grafarvogs yrði gefinn kostur á að skila umsögn um málið. Mikilvægt er að Grafarvogsbúar fái að segja sína skoðun áður en mörkin verða endanlega ákveðin."

**Skoðun íbúa mikilvæg**

Kjartan telur mikilvægt að Íbúaráð Grafarvogs taki afstöðu til málsins og hefur lagt fram ályktunartillögu um það á vettvangi þess ásamt fulltrúum Íbúasamtaka Grafarvogs og foreldrafélaga í hverfinu. Í ályktuninni er stuðningi lýst yfir við áðurnefnda tillögu umhverfisráðherra um að friðlýsa stærra svæði í voginum en meirihluti borgarstjórnar vill. „Grafarvogsbúar þekkja voginn sinn og vita vel að hann er eitt fallegasta og verðmætasta útivistarsvæði borgarinnar. Meirihluti borgarstjórnar vill líklega hafa verndarmörkin sem þrengst til að skapa sem mest rými undir byggingarsvæði í Keldnalandi. Til að vernda útivistarsvæðið eru íbúar því almennt hlynntir því að hafa verndarmörkin víðari eins og umhverfisráðherra leggur til," segir Kjartan.

Umrædd ályktunartillaga verður væntanlega tekin til afgreiðslu á næsta fundi Íbúaráðs Grafarvogs, sem verður í byrjun júní. Kjartan segir að Grafarvogsbúar geti látið í ljós álit sitt á málinu með því að senda tölvupóst til íbúaráðsins.
Netfang þess er:
**ibuarad.grafarvogur@reykjavik.is**




**Vinnukort vegna friðlýsingar Grafarvogs. Gula línan sýnir þau friðlýsingarmörk, sem meirihluti borgarstjórnar vill miða við. Rauða línan sýnir tillögu umhverfisráðherra um friðlýsingarmörk.**



**Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.**




# Heilsu- og umhverfisverslunin Mistur í efri byggðum

Í nóvember sl. opnaði á Stórhöfða 33, heilsu- og umhverfisverslunin Mistur. Þar var stórt skref stigið í sögu fyrirtækisins sem fagnaði nú á dögunum 10 ára starfsafmæli sínu. Með opnun verslunar á Stórhöfða hyggst Mistur koma til móts við og þjónusta þann sístækkandi hóp sem velur hreinni, heilsusamlegri og umhverfisvænni lífstíl.

Hjá Mistur færðu faglega þjónustu og ráðleggingar heilsusérfræðings sem starfað hefur í heilsugeiranum í yfir 15 ár, m.a. við val á vítamínum og bætiefnum og grunn og ilmkjarnaolíum svo eitthvað sé nefnt.

„Þeir sem kjósa að fækka umbúðum heima við og vilja fylla á þau ílát sem þeir eiga, ættu jafnframt að kynna sér sístækkandi úrvalið á áfyllingabar Misturs," segir Þórunn Björk Pálmadóttir eigandi Misturs, en hjá okkur færðu öll hreingerningarefni sem notuð eru á heimilum ásamt vörum til persónulegra nota.

Hjá Mistur starfa nú þrír starfsmenn og gaman er að geta þess að í takt við vöruúrval og stefnu fyrirtækisins eru allar innréttingar ýmist endurunnar eða endurnýttar. Við vöruval í verslun er horft til innihaldsefna, umbúðir vara og aðbúnað starfsfólks við framleiðslu og áhersla ávalt lögð á að velja umhverfisvænni valkosti eða leita annað ef vörur uppfylla ekki okkar skilyrði" segir Þórunn, því við getum alltaf fundið vörur sem uppfylla okkar kröfur um að umhverfi og heilsa séu höfð að leiðarljósi hjá okkar birgjum.

„Verslunin er opin alla virka daga frá kl 11-17 og við tökum vel á móti öll-um þeim sem leggja leið sína til okkar hingað á Stórhöfða 33," segir Þórunn.



**Þórunn Björk Pálmadóttir, Lára Sæmundsdóttir og Linda Sveinbjörnsdótti í versluninni Mistur.**

# Þessar þurfa að vera í boxinu þínu í sumar

## Laxaflugur


Iða


Krafla gul


Krafla rauð


Krafla orange


Krafla blá


Krafla græn


Iða


Skröggur


Grænfriðungur


Elsa


Gríma blá


Kolskeggur

## Tungsten keilutúpur


Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)


Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)


Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)


Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)

## „Íslenska landsliðið" í silungaflugum


Beygla


Beykir


Krókurinn


Mýsla


SilungaKrafla bleik


SilungaKrafla orange

## Kíktu á Krafla.is

- Gjöfular, fallegar og sterkar flugur
- Íslensk hönnun

Krafla.is

íslensk fluguveiði

Uppl. í síma 698-2844 og 699-1322

# Björt og vel skipulögð með stæði í bílageymslu

## - til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11



**Fasteignamiðlun Grafarvogs kynnir bjarta og vel skipulagða þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð að Barðastöðum 9 í Reykjavík auk bílastæðis í lokaðri bílageymslu.**

Nánari lýsing.
Forstofa er með flísum og parketi á gólfi og fataskáp.
Sjónvarpshol er með parketi á gólfi.
Hjónaherbergi er bjart og rúmgott með fataskáp og parketi á gólfi.
Svefnherbergi er með fataskáp og parketi á gólfi.

Baðherbergi er með innréttingu, baðkari með sturtuaðstöðu, upphengdu salerni og handklæðaofni. Flísar á gólfi og veggjum.

Stofa/borðstofa er björt og rúmgóð með parketi á gólfi og útgengi út á rúmgóðar vestur svalir. Leyfi er fyrir svalalokun.

Eldhús er með borðkrók og góðri innréttingu og flísum á gólfi.

Þvottahús er innaf eldhúsi með flísum á gólfi, hillum og skápum. Tengi fyrir þvottavél og þurrkara.
Eigninni fylgir bílastæði í lokaðri bílageymslu.
Sérgeymsla er á jarðhæð ásamt hlutdeild að sameiginlegri hjóla og vagnageymslu. Næg bílastæði eru á lóðinni, greitt aðgengi er að húsinu og rafmagnsopnun á útihurðum.





**Stofa/borðstofa er björt og rúmgóð með parketi á gólfi og útgengi út á rúmgóðar vestur svalir.**



**Eldhús er með borðkrók og góðri innréttingu og flísum á gólfi.**



**Sjónvarpshol er með parketi á gólfi.**

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



**Sigrún Stella Einarsdóttir** Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



**Árni Þorsteinsson** rekstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggiltur fasteigna- og skipasali og löggiltur leigumiðlari s. 898 3459



**Ólafur Kristjánsson** löggiltur fasteigna- og skipasali s. 786-1414



**Ingunn Þorsteinsdóttir.** Nemi í löggildingu fasteignasala s. 612-0906

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS




**Spöngin 11 - 112 Reykjavík**
**Sími 575 8585. Opið 10-17 mán.-föst**

*Vantar allar gerðir eigna á skrá*




**FLÉTTURIMI - 4ra HERB.**

Mjög falleg 4. herb. á 3. og efstu hæð, inngangur af opnum svalagangi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Íbúðin er 110,4 fm og geymslan 5 fm. Mikið útsýni er úr íbúðinni.



**SMIÐJUVELLIR - AKRANES**

Alls 1724,1 fm. þrjú fastanúmer í vönduðu stálgrindarhúsi. Í húsinu starfa í dag sjö fyrirtæki, eigandi eins eignarhluta rekur eigið fyrirtæki í sínum hluta en leigusamningar eru við önnur fyrirtæki í húsinu. Áhugaverður fjárfestingakostur, nánari upplýsingar gefur Árni í síma 898-3459



**HLÍÐARHJALLI - 4. HERB - BÍLSKÚR**

122,2 fm herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð auk 28,8 fm bílskúrs með bílarafmagni. Falleg og mjög björt íbúð með miklu útsýni, suðvestur svalir.



**FJALLAKÓR - EINBÝLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR**

234,4 fm einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Þrjú svefnherbergi auk stúdíóherbergis með baðherbergi. Bjart og fallegt hús með miklu útsýni og fallegri lóð. **LAUST VIÐ KAUPSAMNING**



**HEIMSENDI - KÓPAVOGUR**

277 fm. 20 hesta hús. 10 stýjur fyrir 20 hesta, hlaða, forstofa, kaffistofa, setustofa og snyrting með wc og sturtuklefa. Gott gerði er við húsið og steypt stétt með handriði er meðfram húsinu.

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is

# Björt og vel skipulögð með stæði í bílageymslu

## - til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11



**Fasteignamiðlun Grafarvogs kynnir bjarta og vel skipulagða þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð að Barðastöðum 9 í Reykjavík auk bílastæðis í lokaðri bílageymslu.**

Nánari lýsing.
Forstofa er með flísum og parketi á gólfi og fataskáp.
Sjónvarpshol er með parketi á gólfi.
Hjónaherbergi er bjart og rúmgott með fataskáp og parketi á gólfi.
Svefnherbergi er með fataskáp og parketi á gólfi.

Baðherbergi er með innréttingu, baðkari með sturtuaðstöðu, upphengdu salerni og handklæðaofni. Flísar á gólfi og veggjum.

Stofa/borðstofa er björt og rúmgóð með parketi á gólfi og útgengi út á rúmgóðar vestur svalir. Leyfi er fyrir svalalokun.

Eldhús er með borðkrók og góðri innréttingu og flísum á gólfi.

Þvottahús er innaf eldhúsi með flísum á gólfi, hillum og skápum. Tengi fyrir þvottavél og þurrkara.
Eigninni fylgir bílastæði í lokaðri bílageymslu.
Sérgeymsla er á jarðhæð ásamt hlutdeild að sameiginlegri hjóla og vagnageymslu. Næg bílastæði eru á lóðinni, greitt aðgengi er að húsinu og rafmagnsopnun á útihurðum.





Stofa/borðstofa er björt og rúmgóð með parketi á gólfi og útgengi út á rúmgóðar vestur svalir.



Eldhús er með borðkrók og góðri innréttingu og flísum á gólfi.



Sjónvarpshol er með parketi á gólfi.

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!




**Sigrún Stella Einarsdóttir** Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



**Árni Þorsteinsson** rekstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggiltur fasteigna- og skipasali og löggiltur leigumiðlari s. 898 3459



**Ólafur Kristjánsson** löggiltur fasteigna- og skipasali s. 786-1414



**Ingunn Þorsteinsdóttir.** Nemi í löggildingu fasteignasala s. 612-0906

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS




Spöngin 11 - 112 Reykjavík
Sími 575 8585. Opið 10-17 mán.-föst

*Vantar allar gerðir eigna á skrá*




**FLÉTTURIMI - 4ra HERB.**

Mjög falleg 4. herb. á 3. og efstu hæð, inngangur af opnum svalagangi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Íbúðin er 110,4 fm og geymslan 5 fm. Mikið útsýni er úr íbúðinni.



**SMIÐJUVELLIR - AKRANES**

Alls 1724,1 fm. þrjú fastanúmer í vönduðu stálgrindarhúsi. Í húsinu starfa í dag sjö fyrirtæki, eigandi eins eignarhluta rekur eigið fyrirtæki í sínum hluta en leigusamningar eru við önnur fyrirtæki í húsinu. Áhugaverður fjárfestingakostur, nánari upplýsingar gefur Árni í síma 898-3459



**HLÍÐARHJALLI - 4. HERB - BÍLSKÚR**

122,2 fm herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð auk 28,8 fm bílskúrs með bílarafmagni. Falleg og mjög björt íbúð með miklu útsýni, suðvestur svalir.



**FJALLAKÓR - EINBÝLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR**

234,4 fm einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Þrjú svefnherbergi auk stúdíoherbergis með baðherbergi. Bjart og fallegt hús með miklu útsýni og fallegri lóð. **LAUST VIÐ KAUPSAMNING**



**HEIMSENDI - KÓPAVOGUR**

277 fm. 20 hesta hús. 10 stýjur fyrir 20 hesta, hlaða, forstofa, kaffistofa, setustofa og snyrting með wc og sturtuklefa. Gott gerði er við húsið og steypt stétt með handriði er meðfram húsinu.

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is

# Kirkjufréttir

**Kaffihúsamessur**
Í sumar verða kaffihúsamessur í Grafarvogskirkju alla sunnudaga kl. 11:00 nema 16. júní en þá verður ferming. Kaffihúsamessur eru sumarmessur. Messuformið er einfalt, kaffi og meðlæti i boði.

**Ferming** verður í Grafarvogskirkju 16. júní kl. 11:00.

**Sunnudagaskólinn**
Sunnudagaskólanum lauk með vorhátíð 12. maí en hefst aftur í september.

**Vortónleikar Vox Populi fimmtudag 16. maí kl. 20:00**
Þar sem hópurinn er sérlega skemmtilegur, þó að þau segi sjálf frá og tekur sig ekki of hátíðlega er aldrei að vita hvað gerist á tónleikunum. Eitt er þó víst og það er að þau geta lofað skemmtilegri og afar fjölbreyttri efnisskrá.
Stjórnandi er Lára Bryndís Eggertsdóttir.
**Miðaverð er kr. 3.000.** Frítt fyrir eldri borgara og 12 ára og yngri.

**Helgistundir á þriðjudögum í Kirkjuselinu**
Helgistundir eru alla þriðjudaga í Kirkjuselinu í Spöng kl. 10:30. Stundirnar eru opnar öllum. Helgistundirnar verða í boði í allt sumar.

**Helgistundir á Hjúkrunarheimilinu Eir**
Helgistundirnar eru haldnar fyrsta fimmtudag í mánuði allt árið um kring.

**Kyrrðarstundir**
Kyrrðar- og fyrirbænastundir eru í Grafarvogskirkju alla þriðjudaga kl. 12:00. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð á afar vægu verði. Tekið er við fyrirbænaefnum í kirkjunni.
**Kyrrðarstundirnar verða í boði út maí og hefjast svo í september á ný.**

**Opið hús**
**Vetrarstarfi opna hússins lauk með vorferð 7. maí. Starfið hefst á ný í byrjun september.**

**Barna- og unglingastarfið**
Mikið og fjölbreytt starf er í boði fyrir börn og unglinga í Grafarvogssöfnuði. Þar er æskulýðsfélag og starf fyrir börn á öllum aldri vikulega í allan vetur.
Nánari upplýsingar um starfið og dagskrár verður að finna á heimasíðu kirkjunnar í september.

**Sunnudagurinn 12. maí verður seinasti dagur í barna- og unglingastarfinu.**
**Ævintýranámskeið í sumar**
Ævintýranámskeið fyrir börn 6 – 9 ára verða í sumar eins og fyrri sumur.
1. Námskeið 10. – 14. júní
2. Námskeið 6. - 9. ágúst
3. Námskeið 12. – 16. ágúst

Skráning er hafin á námskeiðin á heimasíðu kirkjunnar.
**grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is**

**Djúpslökun**
Djúpslökun er alla fimmtudaga kl. 17:00-18:00. Tímarnir hefjast á léttum æfingum til að undurbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun. Tímarnir henta bæði þeim sem eru byrjendur í jóga og lengra komnum.
Djúpslökunin er gjaldfrjáls og tímana leiðir Jarþrúður Karlsdóttir jógakennari.
**Djúpslökunin verður í boði út maí í það minnsta og hefst á ný í september.**

**Barna- og unglingakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju**
Kórstjóri er Aður Guðjohnsen. Hljóðfærasmiðju kennir Sævar Helgi Jóhannsson.
Skráning mun fara fram á **www.tongraf.is**
Hægt er að nýta frístundastyrk.
Dagsetningar æfinga og allar nánari uplýsingar verða auglýstar í september.

**Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi**
Kirkjukórinn æfir á miðvikudögum kl. 19:30 og nánari upplýsingar veitir Hákon Leifsson
**hakon@vortex.is**
Vox Populi æfir á miðvikudögum kl. 19:30.
Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir
**lara@grafarvogskirkja.is**
Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!

**Prjónaklúbbur Grafarvogskirkju**
Prjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00.
Hann er fyrir þau sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu.
Öll áhugasöm eru hjartanlega velkomin!
Nánari upplýsingar í Facebookhópnum, Prjónaklúbburinn í Grafarvogskirkju.

Dagsetningar næstu vikna eru:
28. maí og 11. júní.










**Prestar og djákni safnaðarins:**

**Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur gudrun@grafarvogskirkja.is**
**Arna Ýrr Sigurðardóttir prestur arna@grafarvogskirkja.is**
**Sigurður Grétar Helgason prestur sigurdur@grafarvogskirkja.is**
**Kristín Kristjánsdóttir djákni**
**kristin@grafarvogskirkja.is**

**Sími: 587 9070**
**Netfang: grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is**
**Heimasíða: www. grafarvogskirkja.is**
**Likesíða á facebook: Grafarvogskirkja Grafarvogi**
**Instagram: grafarvogskirkja_grafarvogi**
**Vekomin í kirkjuna þína!**

# Kirkjufréttir

**Kaffihúsamessur**
Í sumar verða kaffihúsamessur í Grafarvogskirkju alla sunnudaga kl. 11:00 nema 16. júní en þá verður ferming. Kaffihúsamessur eru sumarmessur. Messuformið er einfalt, kaffi og meðlæti i boði.

**Ferming** verður í Grafarvogskirkju 16. júní kl. 11:00.

**Sunnudagaskólinn**
Sunnudagaskólanum lauk með vorhátíð 12. maí en hefst aftur í september.

**Vortónleikar Vox Populi fimmtudag 16. maí kl. 20:00**
Þar sem hópurinn er sérlega skemmtilegur, þó að þau segi sjálf frá og tekur sig ekki of hátíðlega er aldrei að vita hvað gerist á tónleikunum. Eitt er þó víst og það er að þau geta lofað skemmtilegri og afar fjölbreyttri efnisskrá.
Stjórnandi er Lára Bryndís Eggertsdóttir.
**Miðaverð er kr. 3.000.** Frítt fyrir eldri borgara og 12 ára og yngri.

**Helgistundir á þriðjudögum í Kirkjuselinu**
Helgistundir eru alla þriðjudaga í Kirkjuselinu í Spöng kl. 10:30. Stundirnar eru opnar öllum. Helgistundirnar verða í boði í allt sumar.

**Helgistundir á Hjúkrunarheimilinu Eir**
Helgistundirnar eru haldnar fyrsta fimmtudag í mánuði allt árið um kring.

**Kyrrðarstundir**
Kyrrðar- og fyrirbænastundir eru í Grafarvogskirkju alla þriðjudaga kl. 12:00. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð á afar vægu verði. Tekið er við fyrirbænaefnum í kirkjunni.
**Kyrrðarstundirnar verða í boði út maí og hefjast svo í september á ný.**

**Opið hús**
**Vetrarstarfi opna hússins lauk með vorferð 7. maí. Starfið hefst á ný í byrjun september.**

**Barna- og unglingastarfið**
Mikið og fjölbreytt starf er í boði fyrir börn og unglinga í Grafarvogssöfnuði. Þar er æskulýðsfélag og starf fyrir börn á öllum aldri vikulega í allan vetur.
Nánari upplýsingar um starfið og dagskrár verður að finna á heimasíðu kirkjunnar í september.

**Sunnudagurinn 12. maí verður seinasti dagur í barna- og unglingastarfinu.**
**Ævintýranámskeið í sumar**
Ævintýranámskeið fyrir börn 6 – 9 ára verða í sumar eins og fyrri sumur.

1. Námskeið 10. – 14. júní
2. Námskeið 6. - 9. ágúst
3. Námskeið 12. – 16. ágúst

Skráning er hafin á námskeiðin á heimasíðu kirkjunnar.
**grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is**

**Djúpslökun**
Djúpslökun er alla fimmtudaga kl. 17:00-18:00. Tímarnir hefjast á léttum æfingum til að undurbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun. Tímarnir henta bæði þeim sem eru byrjendur í jóga og lengra komnum.
Djúpslökunin er gjaldfrjáls og tímana leiðir Jarþrúður Karlsdóttir jógakennari.
**Djúpslökunin verður í boði út maí í það minnsta og hefst á ný í september.**

**Barna- og unglingakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju**
Kórstjóri er Aður Guðjohnsen. Hljóðfærasmiðju kennir Sævar Helgi Jóhannsson.
Skráning mun fara fram á **www.tongraf.is**
Hægt er að nýta frístundastyrk.
Dagsetningar æfinga og allar nánari uplýsingar verða auglýstar í september.

**Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi**
Kirkjukórinn æfir á miðvikudögum kl. 19:30 og nánari upplýsingar veitir Hákon Leifsson
**hakon@vortex.is**
Vox Populi æfir á miðvikudögum kl. 19:30.
Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir
**lara@grafarvogskirkja.is**
Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!

**Prjónaklúbbur Grafarvogskirkju**
Prjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00.
Hann er fyrir þau sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu.
Öll áhugasöm eru hjartanlega velkomin!
Nánari upplýsingar í Facebookhópnum, Prjónaklúbburinn í Grafarvogskirkju.

Dagsetningar næstu vikna eru:
28. maí og 11. júní.










**Prestar og djákni safnaðarins:**

**Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur gudrun@grafarvogskirkja.is**
**Arna Ýrr Sigurðardóttir prestur arna@grafarvogskirkja.is**
**Sigurður Grétar Helgason prestur sigurdur@grafarvogskirkja.is**
**Kristín Kristjánsdóttir djákni**
**kristin@grafarvogskirkja.is**

**Sími: 587 9070**
**Netfang: grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is**
**Heimasíða: www. grafarvogskirkja.is**
**Likesíða á facebook: Grafarvogskirkja Grafarvogi**
**Instagram: grafarvogskirkja_grafarvogi**
**Vekomin í kirkjuna þína!**

# Hecht garðdagar

## Gerðu garðinn kláran með Hecht garðverkfærum!

**20% kynningarafsláttur**



~~Verð áður: 19.990 kr.~~
**15.992 kr.**
Sláttuvél rafmagns
1400W 34cm



~~Verð áður: 29.995 kr.~~
**23.996 kr.**
Sláttuvél rafmagns
1800W 42cm



~~Verð áður: 54.995 kr.~~
**43.996 kr.**
Sláttuvél bensín
3,4 hp 46cm



~~Verð áður: 55.999 kr.~~
**44.799 kr.**
Sláttuvél rafmagns
1800W sjálfkeyrandi



~~Verð áður: 132.950 kr.~~
**106.360 kr.**
Slátturóbot. Allt að 800 m2



~~Verð áður: 99.995 kr.~~
**79.996 kr.**
Sláttuvél bensín
m/rafstarti 5,4 hp 51cm



~~Verð áður: 11.329 kr.~~
**9.063 kr.**
Sláttuorf rafmagns
600W, stækkanlegt



~~Verð áður: 22.699 kr.~~
**18.159 kr.**
Fúgubursti rafmagns



~~Verð áður: 14.999 kr.~~
**11.999 kr.**
Hekkklippur rafmagns
600W, 68 cm blað



~~Verð áður: 16.999 kr.~~
**13.599 kr.**
Fræ og áburðardreifari
27L

**Kletthálsi 7**
**110 Reykjavík**
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

**Selhella 6**
**221 Hafnarfjörður**
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

**Fuglavík 18**
**230 Reykjanesbær**
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-14
Sími: 421 1090

**MÚRBÚÐIN**
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*



Hecht garðdagar
Gerðu garðinn kláran með Hecht garðverkfærum!
20%
kynningarafsláttur
Verð áður: 19.990 kr.
15.992 kr.
Sláttuvél rafmagns 1400W 34cm
Verð áður: 29.995 kr.
23.996 kr.
Sláttuvél rafmagns 1800W 42cm
Verð áður: 54.995 kr.
43.996 kr.
Sláttuvél bensín 3,4 hp 46cm
Verð áður: 132.950 kr.
106.360 kr.
Slátturóbot. Allt að 800 m2
Verð áður: 99.995 kr.
79.996 kr.
Sláttuvél bensín m/rafstarti 5,4 hp 51cm
Verð áður: 55.999 kr.
44.799 kr.
Sláttuvél rafmagns 1800W sjálfkeyrandi
Verð áður: 11.329 kr.
9.063 kr.
Sláttuorf rafmagns 600W, stækkanlegt
Verð áður: 22.699 kr.
18.159 kr.
Fúgubursti rafmagns
Verð áður: 16.999 kr.
13.599 kr.
Fræ og áburðardreifari 27L
Verð áður: 14.999 kr.
11.999 kr.
Hekkklippur rafmagns 600W, 68 cm blað
Kletthálsi 7
110 Reykjavík
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500
Selhella 6
221 Hafnarfjörður
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500
Fuglavík 18
230 Reykjanesbær
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-14
Sími: 421 1090
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!